

Fundargerð dagskráráðs Bandalags Íslenskra skáta í Skátamiðstöðinni

20.04.2015 kl. 20:50

Mætt: Dagbjört Brynjarsdóttir (DB), Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV), Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS), Þórhallur Helgason (ÞH).

Forföll: Erika Eik Bjarkadóttir, Ingólfur Már Grímsson.

1. Boðanir funda:
 - a. UGS sendir út Google-boð með tölvupósti nokkrum dögum fyrir fund.
 - b. Minnt er á fundinn á Facebook samdægurs eða degi fyrr.
 - c. Fundir eru 2. hvern mánudag kl. 20:30 til að byrja með.
2. Störf ráðsins áður:
 - a. Meira eins og „think tank“, mikið verið að brainstorma á fundum.
3. Bland í poka.
 - a. Sú hugmynd rædd að Bland í poka yrði „félagaskipulagningarviðburður“ í upphafi hausts, boðið upp á litlar smiðjur og félögum gefið ráðrúm til að skipuleggja veturinn.
 - b. Ræða þetta við þátttakendur á Bland í poka í október.
4. Forgangsverkefni okkar:
 - a. Starfsgrunnur: hann er ekki að skila sér inn í félögin alls staðar, mikil vinna búin að fara í bækur og gögn. Ráðinu stendur til boða að fara á Gilwell-skref 1 og 2.
 - b. Hvatakerfi. Límmiðar og spjöld eru komin til landsins. Mikilvægt að hvatakerfið sé ekki of flókið fyrir foringja, þeir geti tekið það beint inn í starfið og þurfi ekki að aðlaga það. Mögulega sniðugt að prófa virkni þess á þátttakendum Bland í poka. UGS fær að vita hver staðan er á verkefninu og fær kynningu fyrir dagskráráð, helst á næsta fundi. Það er vilji frá dagskráráði til að koma inn í þessa vinnu og leiða hana til loka.
5. Foringjapjálfun:
 - a. Það er mikil eftirspurn eftir foringjanámskeiðum fyrir 18 ára og eldri utan Gilwell.
 - b. Ef Gilwell-nafnið er að trufla, er eitthvað sem stoppar að halda sambærileg námskeið sem „Grunnur sveitaforingjans“?

- c. UGS mun ræða við formann fræðsluráðs um að koma og hitta okkur á næsta fundi.
6. Önnur mál:
- a. 30. apríl: stefnt er á hópefli stjórnar og ráða. ÞH boðar forföll, HÓV kemur kannski.
 - b. DB kynnir Norræna skátaþingið. ÞH og HÓV stefna á að mæta, UGS reynir að mæta eins og hún getur vegna vinnu. EEB tekur þátt að hluta.
 - c. Róverhjálparsveit: sveit í kringum eina af þeim leiðum sem eru í boði í Róverstarfi. Leið til að tengja starfandi Róverskáta sem eru í nýliðaprógrammi hjálparsveita við skátastarfið, eða þá sem vilja taka viss námskeið. Verið er að stofna vinnuhóp sem á að setja upp ramma fyrir leiðtoga róverstarfs og fyrir þessa sveit.
 - d. Rekkaskátabók: dagskrárráð vill taka þátt í að klára það verkefni.

Fundi slitið kl. 22:42.

Fundagerð ritaði Una Guðlaug Sveinsdóttir